

## Grein DV um sjálfsvíg:

# Þökkum hugrekkið

**Hope Knútsson, formaður Gedhjálpar, skrifar:**

Gedhjálp, félag þeirra sem hafa þurft eða þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda og annars áhugafólks um geðheilbrigðismál, þakkar innilega það hugrekki og frumkvæði, sem DV hefur sýnt með því að birta greinina „Sjálfsvíg á Islandi“ eftir Baldur Hermannsson þann 19. október 1983. Löngu er orðið tímabært að rífa niður þann þagnarmúr sem hefur umlukt þessi efni, bæði í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu almennt.

Félagið Gedhjálp hefur einmitt verið að velta því fyrir sér undanfarið hvað hægt væri að gera til að minnka þá miklu fordóma um sjálfsvíg, sem þessi þögn hefur haft í för með sér. Félagið hefur ákveðið að gefa út bækling síðar í vetur, vegna þess að algjörlega vantar fræðslu um þetta mál, hvernig eigi að þekkja einkennin og

hvernig oft sé hægt að fyrirbyggja sjálfsvíg. Einnig verður einn af mánáðarlegum fyrirlestrum um sama efni. Guðrún Jónsdóttir, geðlæknirinn sem nefndur var í greininni, mun flytja hann og verður hann auglýstur síðar.

Gedhjálp þakkar DV fyrir að hafa velt boltanum af stað með þessari tímabæru grein. Við vitum að umræða um þetta mun hjálpa mörgum.



**ALDRADIR  
þurfa að  
ferðast eins  
og aðrir.**

**Sýnum þeim  
tillitssemi.**

**LUMFERDAR  
RÁÐ**